

REGLUGERÐ
um (49.) breytingu á reglugerð nr. 340/2001
um eftirlit með fódri, með áorðnum breytingum.

1. gr.

Orðin: „eftirlit með“ í 1. gr. falla brott.

2. gr.

3. gr. orðist svo:

Reglugerð þessi gildir um gæludýrafóður og fódurblöndur, hrein fódurefni, aukefni í fódri og óæskileg efni í fódri.

Um eftirlit fer skv. reglugerð nr. 106/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 frá 29. apríl 2004 um opinbert eftirlit til að staðfesta að lög um fóður og matvæli og reglur um heilbrigði og velferð dýra séu virt, auk áorðinna breytinga.

Viðauki nr. 7 gildir aðeins um gæludýrafóður.

3. gr.

Í stað orðanna: „Aðfangaeftirlitinu“ og „Aðfangaeftirlitið“ í 6., 15. og 24. gr. kemur: „Matvælastofnun“.

4. gr.

Í stað orðanna „hafa verið viðurkenndir framleiðendur og seljendur á forblöndum, í samræmi við 14. viðauka.“ í 3. málslíð og 4. málslíð 13. gr. kemur: „uppfylla skilyrði 4. gr. laga nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru.“

5. gr.

14. gr. orðast svo: „Matvælastofnun getur heimilað sem lið í lækningu að setja megi ákveðið magn af lyfi í einstaka fódurvöru fyrir nánar tilgreinda dýrategund. Slík fóðrun er á ábyrgð dýralæknis, sbr. m.a. VIII. kafla reglugerðar nr. 403/1986 um varnir gegn fíksjúkdómum og heilbrigðis- eftirlit með fiskeldisstöðvum.“

6. gr.

Fremst í 24. gr. bætist við nýr málslíður sem hljóðar svo: „Um gæludýrafóður gildir eftirfarandi.“

7. gr.

4., 7., 8., 9., 20., 21., 22., 23., 25., 26., 27. og 29. gr. reglugerðarinnar falla brott. Jafnframt fellur brott bráðabirgðaákvæði reglugerðarinnar og viðauki nr. 14.

8. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 7. gr. laga nr. 22/1994 um eftirlit með fódri, áburði og sáðvöru. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 26. febrúar 2010.

F. h. r.
Sigurgeir Þorgeirsson.

Baldur P. Erlingsson.